

**Sp.**

## **8. Tillaga til þingsályktunar**

**[8. mál]**

um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,  
Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka aðstæður barna að 12 ára aldri.

Eftirfarandi atriði verði m.a. höfð til hliðsjónar við athuginna:

1. Fyrirliggjandi úttekt á launakjörum forgangshópa sem aðgang hafa að dagvistarheimilum.
2. Gerð verði ítarleg könnun á hlutfalli vinnu beggja foreldra þessara barna utan heimilis.
3. Fram komi í rannsókninni á hve mörgum stöðum (hjá dagmæðrum eða á dagvistarheimilum) og hjá hve mörgum aðilum börnin hafa notið umönnunar og uppeldis á meðan foreldrar vinna utan heimilis.
4. Hvort rekja megi hin mörgu slys á börnum í umferðinni til þeirra aðstæðna sem þau búa við á þessu aldursskeiði.

### **Greinargerð.**

Þau atriði, sem tiltekin eru í tillögunni, eru í sjálfu sér nægur rökstuðningur fyrir því að sú athugun, sem þáttill. þessi fjallar um, verði gerð. Flm. telja eðlilegt að svo viðamikil úttekt, sem hér er lagt til að fari fram, verði falin félagsvísindadeild Háskóla Íslands sem sérstakt verkefni.

S.l. vetur fór fram mikil umræða um aðstæður barna á þeim aldri þegar þau eru hvað mest á móttunarskeiði. Tilfni þeirrar umræðu var að þegar yfirvofandi voru lokanir deilda á dagvistarheimilum vegna manneklu kom í ljós hve lítil festa virtist vera í umhverfi barna á þessu viðkvæma aldursskeiði.

Það er þess vegna nauðsynlegt að mati flm. að Alþingi taki af skarið og skori á ríkisstjórnina að hún láti fara fram ítarlega athugun á þessum málum sem síðar geti leitt til raunhæfra og markvissra aðgerða.